



Reykjavík, 27.1.2021

USK2020120096

Velferðarráð

Efni:

Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um markmið og aðgerðir í aðgengisstefnu.

Á fundi velferðarráðs þann 16. september 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Það liggur í augum uppi ef horft er til markmiða Aðgengisstefnunnar (drög) frá 22.9.2017 að það vantar mikið upp á að tekið sé með markvissum hætti á ákveðnum þáttum sem snúa að aðgengismálum. Samkvæmt erindisbréfi stýrihóps um heildstæða stefnu í aðgengismálum skal aðgengisstefnan snúa að eftirfarandi þáttum: Aðgengi að húsnæði í eigu borgarinnar og aðgengi að því húsnæði sem borgin leigir fyrir starfsemi sína.

Hvar er að finna heildstæða áætlun varðandi húsnæði? Hvernig er farið með byggingarleyfisskyldar breytingar á þegar byggðu húsnæði? (Ef breyta á eldra húsnæði á, skv. byggingarreglugerð, að leggja fram greinargerð um aðgengi og eftir atvikum rökstuðningi á af hverju ekki sé hægt að uppfylla aðgengi fyrir alla, þ.e. undanþágur frá kröfum reglugerðar. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur sagt að það „yrði mjög tímafrek vinna að fara í gegnum öll skjöl og finna út úr því sérstaklega hvar gefin hefur verið undanþága, en erindi og samþykktir þar sem þannig er háttað, eru ekki skráð sérstaklega í gagnagrunn embættis byggingarfulltrúa.“ Þetta hlýtur að teljast gagnrýnisvert. Þetta á að vera gegnsætt ferli og því verður að halda utan um og gera þessi gögn aðgengileg). Í drögum að Aðgengisstefnu frá 2017 voru sett fram markmið og aðgerðir í 19 liðum sem ekki hefur verið framfylgt. Hvernig á að taka á aðgengismálum þegar ákvæði byggingarreglugerðar geta ekki verið uppfyllt og hvernig er þá hægt að leita skapandi lausna? (Ekki liggur fyrir neinn farvegur fyrir skapandi lausnir eftir því sem best er séð og eru því þessi mál óljós). Varðandi markmið og aðgerðir hefur ýmislegt verið gert. Það er t.d. vísir að því að skipta út gönguljósabúnaði og bæta biðsvæði strætó.

Á ekki að fara markvisst í að afmarka og merkja rétt bílastæði hreyfihamlaðra og veita upplýsingar um þau á korti? Þarf ekki að fjölga og upplýsa um salerni hreyfihamlaðra? Hvernig er unnið að því að losa snjó af göngustígum, yfir götur og á biðstöðvum strætó? Hvernig gekk það síðasta vetur og hvernig mun því verki verða háttað næsta vetur í ljósi fyrri reynslu? Hvernig gengur að gera útisvæði aðgengileg? Hvernig miðar að gera áætlun um aðgengi að félags-, íþrótt- og menningarstarfsemi? (Aðgengi að íþróttamannvirkjum er t.d. oft mjög lélegt) Hvernig miðar að koma upp skiltum og fjarlægja hindranir á götum og gangstéttum? Spurt er í ljósi þess að í vaxandi mæli hafa skipulagsyfirlönd



verið að stilla upp húsgögnum, borðum og stólum á gangstéttir ef sést sem dæmi til sólar. Með þessu er stundum verið að teppa gönguleiðir.

Fyrirspurninni var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs þann 21. desember 2020.

Svar:

Aðgengisstefna

Sú aðgengisstefna sem nú er í gildi er frá árinu 2004. Stýrihópur er nú að störfum um heildstæða stefnu í aðgengismálum. Samkvæmt erindisbréfi hefur stýrihópurinn eftirfarandi hlutverk: „ . . . [A]ð marka heildstæða stefnu um aðgengismál í víðum skilningi í Reykjavík með algilda hönnun að leiðarljósi, bæði hvað varðar aðgengi að byggingum og borgarrýmum og hvað varðar aðgengi að upplýsingum og þjónustu.“ Samkvæmt erindisbréfi verða niðurstöður stýrihópsins lagðar fyrir borgarráð fyrir lok 15. febrúar 2021.

Sjá nánar hér:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/8._styrihopur_um_heildstaeda_stefnu_i_adgengismalum_-_r19120168.pdf

Byggingarreglugerð og aðgengi fyrir alla

Eitt meginmarkmið gildandi byggingarreglugerðar er að tryggja aðgengi fyrir alla. Við breytingar á notkun eldri húsa hefur embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík í algerum undantekningartilfellum veitt heimild til að víkja frá kröfum um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla á grundvelli rökstuðnings sbr. gr. 6.1.5. í byggingarreglugerð.

Skráningar- og skjalakerfi byggingarfulltrúa, Erindreki, er um 25 ára gamalt og er ekki mögulegt að leita með góðum hætti þar sem undanþága hefur verið veitt, en miklar væntingar eru bundnar við nýtt skjalakerfi sem verður tekið upp fljótlega. Um mikinn fjölda mála er að ræða hjá embættinu og tæki það mikinn tíma að skoða hvert mál og öll samskipti sem átt hafa sér stað við afgreiðslu þeirra, en það skal ítrekað að leitast er við að undanþágur vegna aðgengi fyrir alla séu ekki gefnar nema mikill ómöguleiki sé til staðar varðandi það að uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar um algilda hönnun og aðgengi fyrir alla.

Merking bílastæða fyrir hreyfihamlaða

Þær reglur sem gilda um merkingu bílastæða fyrir hreyfihamlaða má sjá í byggingarreglugerð, gr. 6.2.4. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða í borgarlandi eiga að uppfylla skilyrði reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra, sjá hér: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/289-1995> (D01.21 og 32. gr.), ábendingar um annað eru vel þegnar. Reynt er að tryggja sem best aðgengi og vanda frágang á stæðunum.

Varðandi kortlagningu stæðanna, þá eru ný bílastæði fyrir hreyfihamlaða í borgarlandi skráð í vefsíðu sem til stendur að setja í loftið þegar eldri stæði hafa verið kortlögð.



Vetrarþjónusta

Hvað varðar vetrarþjónustuna og hvernig unnið er að snjómokstri af göngustígum, yfir götur og á biðstöðvum strætó, þá er vísað í kafla 3.2 og 3.3 í Þjónustuhandbók vetrarþjónustu, útgáfu 5, sjá hér:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/14872_fylgiskjal_1_-_vetrarthjonusta_-_thjonustuhandbok_utgafa_05.pdf.

Annars er snjó rutt frá og gönguleiðir alla jafna sandaðar en í undantekningartilvikum saltaðar eða blandað er saman salti og sandi. Síðasta vetur gekk vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða að mestu samkvæmt áætlun, sem og vetrarþjónusta við biðstöðvar strætó.

Einnig er vísað í Borgarvefsjá, þar sem hægt er að kynna sér forgangleiðir vegna vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða, sjá hér:

<https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/?x=364306.8704843752&y=408065.4758861723&z=5&visiblelayers=26>.

Skilti og hindranir á götum og gangstéttum

Hvað varðar það að koma upp skiltum og fjarlægja hindranir á götum og gangstéttum, þá notast borgin við skiltareglur, sem tiltaka hvar og með hvaða hætti á að setja upp skilti og útstillingar í borgarlandinu. Skilti og útstillingar í borgarlandinu eiga ekki að teppa gönguleiðir.

Sjá hér: https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_afnot_af_borgarlandi.pdf og hér: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samthykkt_um_skilti_mai_2020_-_endanleg_utgafa_a_vef.pdf

Þá eru einnig til reglur um útisvæði og útveitingar:

https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_utiveitingar2018.pdf

Aðgengi útisvæða

Við endurgerð útisvæða er ávallt leitast við að gera þau aðgengileg í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um aðgengi fyrir alla. Árlega er unnið að ýmsum framkvæmdum í samstarfi við *aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík*, til þess að bæta aðgengi húsnaðis og útisvæða þar sem Reykjavíkurborg rekur starfsemi s.s. í skólum, á skólalóðum, á sundstöðum, bókasöfnum o.þ.h.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Lilja Sigurbjörg Harðardóttir